

## Enska mest kennda tungumálið í Evrópu

[Eurydice](#), upplýsinganet um menntamál í Evrópu, hefur gefið út ritið [Key Data on Teaching Languages at School in Europe](#). Í ritinu er að finna samanburðarhæfar upplýsingar um kennslu og nám í tungumálum í 30 Evrópulöndum.

Útgáfa sérstaks Key Data rits um kennslu og nám í tungumálum í menntakerfum Evrópulanda endurspeglar þá miklu áherslu sem Evrópusambandið leggur nú á þennan málaflokk. Í samvinnu Evrópuþjóða hefur færni í erlendum tungumálum og varðveisla fjölbreytileika tungumála lengi verið ofarlega á baugi og árið 2002 hvatti ráðherraráð Evrópusambandsins í Barcelona til stöðugs átaks við „að auka grundvallarfærni (basic skills), sérstaklega með því að kenna a.m.k. tvö erlend tungumál frá unga aldri“. Kennsla erlends tungumáls sem skyldunámsgreinar hefst nú fyrr en áður tíðkaðist í skólakerfum Evrópulanda. Í langflestum Evrópulöndum gefst nemendum kostur á að læra tvö erlend tungumál á skólaskyldualdri en algengt er að aðeins annað þeirra sé skyldunámsgrein og að kennsla seinna tungumálsins hefjist ekki fyrr

en á unglingsstigi. Ísland er eitt fárra landa sem hefja kennslu tveggja erlendra tungumála á grunnskólastigi. Kennsla fyrsta erlenda tungumálsins hefst hins vegar síðar hér á landi en víða í samanburðarlöndunum eða við 10 ára aldur. Rúmlega helmingur samanburðarlandanna byrjar kennslu fyrsta erlenda tungumálsins við 7-9 ára aldur.

Enska er það erlenda tungumál sem mest er kennt á skyldunámsstigi í flestum Evrópulöndum. Hlutfall þeirra nemenda sem læra ensku á unglingsstigi og framhaldsskólastigi jókst mikið á tímabilinu 1998-2002. Þrátt fyrir viðleitni margra landa til að koma á fjölbreyttu námsframboði í kennslu erlendra tungumála kemur í ljós að enska, franska, þýska, spænska og rússneska eru 95% allra tungumála sem kennd eru á unglingsstigi og í framhaldsskólum. Þýska og franska eru önnur mest kenndu tungumálin. Í ritinu kemur fram að ýmis önnur mál eru skyldunámsgreinar af sögulegum eða pólitískum ástæðum, s.s.

danska á Íslandi.

Í ritinu má sjá lágmarkstíma sem varið er til kennslu erlendra tungumála sem hlutfall af heildarkennslutíma, þegar um er að ræða skyldunámsgreinar. Hlutfallið á Íslandi er 4,0% á barnaskólastigi og 18,9% á unglingsstigi. Í samanburði við önnur lönd er hlutfallið hátt á unglingsstigi en fremur lágt á barnaskólastigi.

Við samanburð á lágmarksstundafjölda og fjölda ára í skyldunámi í fyrsta erlenda tungumálinu kemur fram að heildarstundafjöldi á Íslandi til kennslu fyrsta erlenda tungumáls er 384 klukkustundir á 6 árum. Samanburðurinn sýnir að flestar Evrópuþjóðir verja lengri tíma til þessarar kennslu. Í Finnlandi eru t.d. kenndar 456 stundir á 7 eða 9 árum, í Danmörku eru 510 stundir á 6 árum og í Frakklandi 713 á 8 árum.

Key Data on Teaching Languages at School in Europe 2005 er aðgengilegt á slóðinni:

[http://www.eurydice.org/Doc\\_intermediar/es/indicators/en/frameset\\_key\\_data.html](http://www.eurydice.org/Doc_intermediar/es/indicators/en/frameset_key_data.html).



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, ásamt Guðmundi Birki Þorkelssyni, skólameistara, í heimsókn sinni í [Framhaldsskólann á Húsavík](#) þann 3. febrúar sl.

### Heimsóknir ráðherra í framhaldsskóla landsins

Menntamálaráðherra hefur nú heimsótt 19 framhaldsskóla og kynnt áætlanir um styttingu námstíma til stúdentsprófs. Stefnt er að því að heimsækja alla framhaldsskóla landsins á næstu vikum. Ráðherra og starfsfólk úr ráðuneytinu eru sammála um að þessar heimsóknir hafi verið mjög gagnlegar og sérstaklega mikilvægar til að fá fram skoðanir kennara, skólastjórnenda og nemenda á verkefnum. Hafa margar góðar

athugasemdir komið fram á fundunum sem munu verða teknar til greina við endurskoðun námskráa grunnskóla og framhaldsskóla.

Nú hafa verið skipaðir verkefnahópar fyrir hvert fag sem að endurskoða námskrárnar og yfirfara þær með tilliti til forsendna styttingarinnar og almennrar endurskoðunar.

### Málþingið *Undirstaða þekkingarþjóðfélagsins: Staða og stefnumótun í menntarannsóknunum* verður haldið 28. febrúar nk.

Málþingið er á vegum menntamálaráðuneytis og Rannís, í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands. Fyrstu niðurstöður úttektar á rannsóknum á sviði menntunar og fræðslu verða kynntar og gefst fólk kostur á að ræða þær í málstofum sem haldnar verða sama dag. Í málstofunum verður fjallað um háskólarannsóknir, stofnanarannsóknir, þróunarstarf og skólakerfið, og rannsóknir og þróunarstarf á sviði fræðslumála í atvinnulífinu. Málþingið hefst kl. 13:20 í húsakynnum Kennaraháskólans,

Stakkahlíð. Dagskrá málþingsins verður birt á vef KHÍ, [rannsokn.khi.is](http://rannsokn.khi.is).

### Drög að nýrri námskrá í tónfræðigreinum

Drög að nýrri námskrá í tónfræðigreinum eru komin á vef ráðuneytisins til umsagnar. Drögin eru sett á vefinn til kynningar hagsmunaaðilum og almenningi. Gefinn er kostur á að gera athugasemdir við námskrárnar og veittur til þess frestur í fjórar vikur, eða til 14. mars nk. Athugasemdum má koma skriflega á framfæri við menntamálaráðuneyti eða á netfangið [namskra@mrn.stjr.is](mailto:namskra@mrn.stjr.is).

Að loknu umsagnarferlinu mun ráðuneytið gera þær lagfæringar á námskránum sem nauðsynlegar kunna að teljast. Þegar auglýsing um gildistöku nýrrar námskrár hefur verið birt í Stjórnartíðindum er námskráin sett á [námskrárvef](#) ráðuneytisins.

